




BYGGÐASTOFNUN

# Þjónustukönnun Vesturland





Byggðastofnun 2018

Titill: Þjónustukönnun Vesturland

Framkvæmd þjónustukönnunar: Gallup

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Framkvæmdalýsing .....	1
Tölfræðileg úrvinnsla.....	2
Um notkun hugtaka.....	3
Helstu niðurstöður .....	3
Vesturland .....	4
Búsetusvæði .....	4
Þátttaka .....	4
Menntun.....	5
Vinnumarkaður.....	6
Atvinnugreinaskipting .....	7
Atvinnusókn.....	8
Námsmenn .....	9
Þjónustusókn á Vesturlandi.....	10
Akraneskaupstaður .....	14
Hvalfjarðarsveit .....	20
Borgarfjarðarsvæði.....	25
Dalabyggð.....	31
Snæfellsnes.....	37

## Tölur og myndir

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall þátttakenda af íbúafjölda eftir búsetusvæðum.....	4
Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir stöðu á vinnumarkaði.....	6
Mynd 1. Búsetusvæði á Vesturlandi.....	4
Mynd 2. Hæsta menntun þátttakenda eftir kyni.....	5
Mynd 3. Hæsta menntun þátttakenda eftir búsetumsvæðum. ....	5
Mynd 4. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni. ....	6
Mynd 5. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum. ....	7
Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir atvinnugreinum og kyni.....	7
Mynd 7. Staðsetning vinnustaða svarenda sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.....	8
Mynd 8. Hlutfallsleg skipting svarenda sem sóttu vinnu og sóttu ekki vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn eftir búsetusvæðum þeirra. ....	8
Mynd 9. Hlutfall karla og kvenna sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.....	8
Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá vinnu.....	9
Mynd 11. Hlutfallsleg skipting svarenda eftir ferðamáta til og frá skóla. ....	9
Mynd 12. Þjónustusókn svarenda á Vesturlandi.....	10
Mynd 13. Þjónustueinkunn svarenda á Vesturlandi. ....	10
Mynd 14. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir kyni og aldurshópum. ....	11
Mynd 15. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir fjölskyldugerð. ....	11
Mynd 16. Þjónustueinkunn: Hlutfallsleg skipting svarenda eftir menntun.....	11
Mynd 17. Heilbrigðisþjónustusókn svarenda og staðsetning þjónustuaðila. .	13
Mynd 18. Heilbrigðisþjónusta sem svarendur nefndu oftast er mest áberandi í orðaskýinu.....	13

Mynd 19. Þjónustusókn svarenda í Akraneskaupstað. ....	14
Mynd 20. Þjónustueinkunn svarenda í Akraneskaupstað.....	14
Mynd 21. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	15
Mynd 22. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	16
Mynd 23. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	17
Mynd 24. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	18
Mynd 25. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	19
Mynd 26. Þjónustusókn svarenda í Hvalfjarðarsveit.....	20
Mynd 27. Þjónustueinkunn svarenda í Hvalfjarðarsveit. ....	20
Mynd 28. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	21
Mynd 29. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	22
Mynd 30. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	22
Mynd 31. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvörverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	23
Mynd 32. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	24
Mynd 33. Þjónustusókn svarenda á Borgarfjarðarsvæðinu.....	25
Mynd 34. Þjónustueinkunn svarenda á Borgarfjarðarsvæðinu. ....	25
Mynd 35. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	26
Mynd 36. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila.....	27

Mynd 37. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	28
Mynd 38. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	29
Mynd 39. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	30
Mynd 40. Þjónustusókn svarenda í Dalabyggð. ....	31
Mynd 41. Þjónustueinkunn svarenda í Dalabyggð. ....	31
Mynd 42. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	32
Mynd 43. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	33
Mynd 44. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	34
Mynd 45. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	35
Mynd 46. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	36
Mynd 47. Þjónustusókn svarenda á Snæfellsnesi. ....	37
Mynd 48. Þjónustueinkunn svarenda á Snæfellsnesi. ....	37
Mynd 49. Þjónustusókn svarenda sem notuðu algenga þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	39
Mynd 50. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu opinbera þjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	40
Mynd 51. Hlutfallsleg skipting svarenda sem notuðu fjármálaþjónustu eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	41
Mynd 52. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru í sérvöruverslanir eftir staðsetningu þjónustuaðila. ....	42
Mynd 53. Hlutfallsleg skipting svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu. ....	43

Mynd 54. Orðaský: Þjónusta sem svarendur sóttu út fyrir sitt búsetusvæði. 44

Mynd 55. Hlutfallsleg skipting svarenda með Costco aðildarkort og þeirra sem ekki voru með aðildarkort. .... 44

## Inngangur

Samkvæmt Byggðaaætlun 2014-2017 á að meta aðgengi íbúa að þjónustu og setja fram tillögur til úrbóta. Ákveðið var að skoða fyrst þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra og nota þá könnun sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Þjónustukönnun var framkvæmd á Norðurlandi vestra haustið 2015 og niðurstöður birtar og kynntar í apríl 2016.

## Framkvæmdalýsing

Undirbúningur að framkvæmd þjónustukannana á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum hófst haustið 2016 í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

Könnunin fór fram í júní-október 2017 og sá Gallup um þá vinnu. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr viðhorfahópi Gallup og Þjóðskrár, skipt eftir póst- eða sveitarfélagsnúmerum. Þessi úrtaksaðferð er algeng þar sem þýðið er mjög lítið í nokkrum laganna, búsetusvæði í þessu tilviki. Til að auka alhæfingargildi niðurstaðna fyrir það svæði er fleiri svörum safnað á fámennum búsetusvæðum en myndu hafa safnast ef tekið er einfalt tilviljunarúrtak úr landshlutanum öllum.

Um var að ræða blandaða net- og símakönnun. Þátttakendur í viðhorfahópi fengu senda vefslóð í tölvupósti sem vísaði í könnunina. Samhliða hringdu spýrlar Gallup í þjóðskrárhlua úrtaksins og buðu þátttakendum að svara könnuninni á netinu eða í síma. Þrjár áminningar voru sendar til þátttakenda í tölvupósti.

Í könnuninni var leitað svara við því hvort og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Lögð var áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (árlega). Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi innan hvers landshluta. Hverjum landshluta var því skipt upp í búsetusvæði eða þjónustusóknarsvæði í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Hér er lítið svo á að þjónustusókn íbúa innan hvers búsetusvæðis sé í meginatriðum lík en að þjónustusókn geti verið ólík eftir búsetusvæðum innan hvers landshluta. Suðurnesjum var skipt upp í fimm búsetusvæði, Vesturlandi í fimm, Vestfjörðum í fjögur, Norðurlandi eystra í átta, Austurlandi í fimm og Suðurlandi í átta búsetusvæði, samtals 35 búsetusvæði.

Úrtakið var 21.350 manns á aldrinum 18-80 ára með lögheimili í janúar 2017 á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Alls tóku 8.859 íbúar þátt í könnuninni eða 10,6% íbúa af heildaríbúafjölda í landshlutunum þann 1. janúar 2017, en hlutfallið er 10,1% af íbúafjölda 1. janúar 2018.

	Úrtak úr þýði 18-80 ára	Svarhlutfall	Fjöldi þátttakenda í könnuninni 18-80 ára	Fjöldi íbúa 18-80 ára 2017	Fjöldi íbúa 18-80 ára 2018	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2017	Hlutfall af íbúafjölda 1. janúar 2018
Suðurnes	3500	34%	1169	17423	19011	6,7%	6,1%
Vesturland	2850	46%	1385	11455	11800	12,1%	11,7%
Vestfirðir	1650	48%	776	5032	5179	15,4%	15,0%
Norðurland eystra	5100	41%	2079	21579	22294	9,6%	9,3%
Austurland	2150	49%	1051	7489	7622	14,0%	13,8%
Suðurland	6100	39%	2399	20328	21382	11,8%	11,2%
<b>Samtals</b>	<b>21350</b>		<b>8859</b>	<b>83306</b>	<b>87288</b>	<b>10,6%</b>	<b>10,1%</b>


Svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum en nánari greining er á fjölda þátttakenda eftir búsetusvæðum í umfjöllunum um hvern landshluta fyrir sig.

## Tölfræðileg úrvinnsla

Þar sem úrtakið í hverjum landshluta var ekki hlutfallslega rétt lagskipt eftir búsetusvæðum voru gögnin vigtuð í úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Auk þess tók vigtun mið af kyn- og aldurskiptingu á hverju búsetusvæði fyrir sig. Veginn fjöldi svara er fjöldi svara eftir vigtun, þar sem svör þeirra sem búa á svæðum fá vægi til samræmis við íbúafjölda á svæðinu. Þetta er gert til að heildarniðurstöður fyrir landshluta sé í samræmi við íbúafjölda eftir búsetusvæðum í landshlutanum. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for Social Science) og sá Gallup um þá vinnu.

Umfjöllunin byggir fyrst og fremst á greiningu svara eftir búsetusvæðum og þjónustusókn. Bakgrunnur þátttakenda er greindur eftir kyni, menntun, stöðu á vinnumarkaði, atvinnugreinum og atvinnusókn fyrir hvern landshluta fyrir sig. Hér verður ekki fjallað um hvort þjónustusókn þátttakenda eftir bakgrunni sé mismunandi eða ekki, það er engu að síður afar áhugavert að skoða það nánar.

Niðurstöður eru settar fram í myndum eftir því sem við á sem sýna svarhlutföll einstakra spurninga eftir staðsetningu þjónustuaðila.



Radarmyndir eru m.a. notaðar til að varpa ljósi á hvert algeng þjónusta var sótt. Bláa línan sýnir hlutfall þátttakenda sem sóttu tiltekna þjónustu til þjónustuaðila á Akranesi, appelsínugula línan er viðbót við bláu línuna, grúa línan er viðbót við bláu og/eða appelsínugulu línuna. Radarmyndin hér að ofan sýnir m.a. að þátttakendur sóttu nær alla algenga þjónustu til þjónustuaðila á Akranesi en í kringum 20% þátttakenda fóru síðast á skyndibitastað og í dagvörðverslun á höfuðborgarsvæðinu.

Brottfallið var yfirleitt á bilinu 5-15% í spurningunum, við úrvinnslu var litið svo á að þeir sem svöruðu ekki höfðu ekki nýtt þjónustuna.

## Um notkun hugtaka

**Dagvöruverslun:** Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir aðrar dagvöruverslanir en Bónus, Krónuna og Nettó.

**Lágvöruverðsverslun:** Verslun sem selur dagvörur á lágu verði, þ.e. vöru sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks s.s. mat- og drykkjarvörur og hreinlætis- og snyrtivörur. Notað hér sem samheiti yfir Bónus, Krónuna og Nettó.

**Landfræðilegur markaður:** Stærð landfræðilegs markaðs veltur m.a. að því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandinn sé í nálægð við þjónustuaðila. Sérstaklega skiptir máli hver yrði tíma- og ferðakostnaður neytandans við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Oft er miðað við að dagvöruverslanir geti að öðru jöfnuðu náð til sín viðskiptavinum sem ekki þurfi að leggja á sig lengri en 20 mínútna akstur í viðkomandi verslun, eða um það bil 20 km fjarlægð frá verslun. Þessi viðmið verður þó að skoða með teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og á hverju búsetsvæði fyrir sig.

**Þjónustusókn:** Þjónustusókn endurspeglar aðeins þá þjónustuþætti sem spurt var um í könnuninni. Í umfjöllunum um þjónustusókn íbúa eftir landshlutum og búsetusvæðum er eingöngu tekið tillit til hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki er tekið tillit til hversu oft þeir sóttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft en aðra sjaldan. Tekið var meðaltal allra þjónustuþátta sem spurt var um sem gefur góða mynd af því hvert íbúar sækja þá þjónustu sem þeir voru spurðir um.

**Höfuðborgarsvæðið:** Samheiti yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

## Helstu niðurstöður

Þjónustusókn þátttakenda sem búsettir voru í Akraneskaupstað, á Borgarfjarðarsvæðinu og á Sæfellsnesi og var lík að því leyti að um 27-30% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og meirihluta þjónustunnar sóttu þátttakendur til þjónustuaðila á sínu búsetusvæði.

Hins vegar sóttu þátttakendur búsettir í Dalabyggð hlutfallslega meiri þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en þeir sóttu til þjónustuaðila innan síns búsetusvæðis.

Þjónustusókn þátttakenda í Hvalfjarðarsveit var í meginatriðum eins og þátttakenda í Akraneskaupstað en þeir sóttu hlutfallslega aðeins minni þjónustu til Akraness og meiri þjónustu til Borgarness.

Þátttakendur á Borgarfjarðarsvæðinu og í Dalabyggð sóttu um 4-5% þjónustunnar til Akraness en þátttakendur frá Snæfellsnesi sóttu nánast enga þjónustu til Akraness.

Þátttakendur í Akraneskaupstað voru líklegri til þess að gefa þjónustunni í sínu sveitarfélagi ágætiseinkunn en þátttakendur á öðrum búsetusvæðum á Vesturlandi



# Vesturland

## Búsetusvæði

Þjónustusókn íbúa á Vesturlandi var greind eftir fimm búsetusvæðum; þau eru Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Borgarfjarðarsvæði og Skorradalshreppur hér eftir nefnt Borgarfjarðarsvæði, Dalabyggð og Snæfellsnes (tafla 1 og mynd 1). Þann 1. janúar 2017 voru 11.455 íbúar á aldrinum 18-80 ára búsettir á þessum svæðum, konur voru 5.576 og karlar 5.879.


## Þátttaka

Alls tóku 1.385 manns þátt í könnuninni, kynjahlutfallið var jafnt eða 50% karlar og 50% konur. Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára var 12% (tafla 1).

TAFLA 1. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA AF ÍBÚAFJÖLDA EFTIR BÚSETUSVÆÐUM.

Búsetusvæði	Fjöldi þátttakenda	
	18-80 ára	Hlutfall þátttakenda af íbúafjölda 18-80 ára
Akraneskaupstaður	397	8%
Hvalfjarðarsveit	129	28%
Borgarfjarðarsvæði	390	14,3%
Dalabyggð	129	26,8%
Snæfellsnes	340	12%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>1385</b>	
<b>Heildarfjöldi íbúa 18-80 ára</b>	<b>11.455</b>	<b>12%</b>


Á Vesturlandi var 2.850 manns boðið að taka þátt í könnuninni, svarhlutfall var 46%.



MYND 1. BÚSETUSVÆÐI Á VESTURLANDI.


## Menntun

Niðurstöður um menntun þátttakenda byggja á svörum frá 585 konum og 619 körlum. Spurt var: Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?



MYND 2. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR KYNI.

Hlutfallslega flestir karlar voru með framhaldsskólapróf eða 58% en flestar konur voru með háskólapróf sem hæstu menntun eða 44%. (mynd 2).



MYND 3. HÆSTA MENNTUN ÞÁTTTAKENDA EFTIR BÚSETUMSVÆÐUM.


Á öllum búsetusvæðunum höfðu hlutfallslega flestir lokið framhaldsskólaprófi. Hlutfallslega voru flestir með háskólapróf sem hæstu menntun sem þjuggu á Borgarfjarðarsvæðinu og í Akraneskaupstað (mynd 3).

## Vinumarkaður

Alls fengu 1.385 manns spurningu um stöðu á vinnumarkaði og svör fengust frá 1.219 eða 88% þátttakenda, 166 manns svöruðu ekki (tafla 2). Hér er litið svo á virkir á vinnumarkaði eru þeir sem eru í fullu starfi og hlutastarfi sem launþegar, atvinnurekendur, einyrkjar og sjálfstætt starfandi og þeir sem eru í vinnu og námi. Af 1.219 þátttakendum voru 78% virkir á vinnumarkaði.

TAFLA 2. FJÖLDI OG HLUTFALL ÞÁTTTAKENDA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.


Staða á vinnumarkaði	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi sem launþegi	633	51,9%
Öryrki/ellilífeyrisþegi	191	15,7%
Atvinnurekandi/einyrki/sjálfstætt starfandi	158	13%
Í hlutastarfi sem launþegi	99	8,1%
Í vinnu og námi	66	5,4%
Í námi	28	2,3%
Í leyfi/fæðingarorlofi	24	1,9%
Í atvinnuleit eða milli starfa	15	1,3%
Heimavinnandi	5	0,4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>1.219</b>	<b>100,0%</b>
<b>Tóku afstöðu</b>	<b>1.219</b>	<b>88,0%</b>
Tóku ekki afstöðu	166	12,0%
<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>1.385</b>	<b>100,0%</b>



MYND 4. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI OG KYNI.


Hlutfallslega voru fleiri karlar í fullu starfi en konur, eða 57% á móti 46% kvenna en hlutfallslega fleiri konur voru í hlutastarfi en karlar, 14% á móti 3%. Hlutfallslega fleiri konur voru öryrkjar/ellilífeyrisþegar en karlar, eða 19% kvenna og 12% karla. Um 19% karla voru atvinnurekendur, einyrkjar eða sjálfstætt starfandi en það átti aðeins við um 6% kvennanna (mynd 4).

## Atvinnugreinaskipting



MYND 5. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM.


Alls svöruðu 914 þátttakendur í hvaða atvinnugrein aðalstarf þeirra var. Flestir störfuðu við fræðslustarfsemi og næstflestir við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Atvinnugreinaflokkun eftir kyni er háð annmörkum þar sem hlutfallslega fáir starfa í mörgum atvinnugreinum. Í atvinnugreinum þar sem hlutfallslegur fjöldi er undir 5,5% eru gögnin ekki greind eftir kyni (mynd 5).



MYND 6. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR ATVINNUGREINUM OG KYNI.

Hlutfallslega störfuðu flestar konur við fræðslustarfsemi eða 24% og næstflestar við heilbrigðis- og félagsþjónustu eða 18%. Hlutfallslega störfuðu flestir karlar við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða 16%, 10% karla störfuðu við landbúnað og sama hlutfall við framleiðslu án fiskvinnslu (mynd 6).

## Atvinnusókn




**MYND 7. STAÐSETNING VINNUSTAÐA SVARENDA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.**

Þeir sem voru á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu.


Alls fengu 956 manns spurninguna, svarhlutfall var 97%.

Af þeim sem svöruðu sóttu 42% þátttakenda vinnu út fyrir sitt nærumhverfi. Atvinnusókn flestra var til höfuðborgarsvæðisins eða rúmlega 35% (mynd 7).



**MYND 8. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM SÓTTU VINNU OG SÓTTU EKKI VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN EFTIR BÚSETUSVÆÐUM ÞEIRRA.**

Rúmlega 76% vinnandi fólks í Hvalfjarðarsveit sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn, hlutfallslega fæstir sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn á Snæfellsnesi eða 24% (mynd 8).




**MYND 9. HLUTFALL KARLA OG KVENNA SEM SÓTTU VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN.**

Fimm af hverjum tíu körlum sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn þar sem þeir bjuggu og það átti við um tæplega þriðjung kvennanna (mynd 9).

Allir sem voru virkir á vinnumarkaði voru spurðir hvernig þeir ferðuðust oftast til og frá vinnu.

Alls fengu 956 þátttakendur spurninguna, svarhlutfall var 98%.




**MYND 10. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ VINNU.**

Meirihluti ferðaðist oftast með einkabíl til og frá vinnu eða um 62%. Um 18% fóru gangandi, rúm 12% með í bíl eða rútu á vegum vinnuveitanda (mynd 10).

## Námsmenn

Alls voru 95 þátttakendur í námi og af þeim sóttu 66 skóla annars staðar en í sinni heimabyggð. Flestir voru í skóla á höfuðborgarsvæðinu eða um 57%, um 15% á Norðurlandi eystra og um 9% voru í skóla erlendis.


Allir sem voru í námi voru spurðir hvernig þeir ferðuðust oftast til og frá skóla. Alls svöruðu 94.



**MYND 11. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENA EFTIR FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA.**

Meirihluti ferðaðist með einkabíl eða 67%, rúm 16% fóru gangandi og rúm 7% með almenningssamgöngum (mynd 11).


## Þjónustusókn á Vesturlandi



MYND 12. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á VESTURLANDI.


Þátttakendur á Vesturlandi sóttu rúmlega 33% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Akranesi, um 28% var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og um 16% þjónustunnar var sótt til Borgarness (mynd 12).

## Þjónustueinkunn




MYND 13. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á VESTURLANDI.

Um 47% svarenda á Vesturlandi gáfu þjónustunni ágætiseinkunn og 41% gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (mynd 13).




MYND 14. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR KYNI OG ALDRUSHÓPUM.

Konur voru líklegri en karlar til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn og eftir því sem svarendur voru eldri voru þeir líklegri til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 14).



MYND 15. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR FJÖLSKYLDUGERÐ.

Þátttakendur með þrjú eða fleiri börn á heimili voru ólíklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 15).



MYND 16. ÞJÓNUSTUEINKUNN: HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA EFTIR MENNTUN.

Þátttakendur sem voru með háskólapróf sem hæstu menntun voru líklegastir til að gefa þjónustunni ágætiseinkunn (mynd 16).



## Heilbrigðisþjónusta

Umfjöllunin um heilbrigðisþjónustu byggir á svörum frá um 95% þátttakenda.

### Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna og kynjahlutfall notenda:

- 72% notuðu þjónustu heilsugæslunnar og/eða fóru til heimilislæknis – karlar voru 48% notenda og konur 52%
- 42% fóru til sérfræðilæknis – karlar voru 42% notenda og konur 58%
- 60% fóru tannlæknis – karlar voru 46% notenda og konur 54%
- 16% fóru til sjúkraþjálfara – karlar voru 41% notenda og konur 59%
- 9% fóru til sérfræðiráðgjafa (s.s. sálfræðinga, félagsráðgjafa) - karlar voru 34% notenda og konur 66%.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði hefur þú notað eftirfarandi heilbrigðisþjónustu?

Þjónusta heilsugæslu/heimilislækna á Akranesi var nýtt að meðaltali í 3,5 skipti, 4 skipti í Borgarnesi og 4,5 skipti í Búðardal, 5,2 skipti í Grundarfirði, 4,4 skipti í Ólafsvík og 3,8 skipti í Stykkishólmi.

Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðilækna á höfuðborgarsvæðinu fóru að meðaltali 2,9 sinnum, en 2,3 sinnum til sérfræðilækna á Akranesi. Konur fóru tvisvar sinnum oft en karlar til sérfræðilækna.

Flestir sem nýttu þjónustu tannlækna höfðu farið tvisvar sinnum á síðastliðnum 12 mánuðum áður en könnunin var framkvæmd.

Meðaltali fóru þeir sem nýttu þjónustu sjúkraþjálfara í Borgarnesi í 19 skipti. Þeir sem fóru til sjúkraþjálfara í Stykkishólmi fóru í 12,9 skipti, þeir sem nýttu þjónustuna á Akranesi fóru í 12,5 skipti. Konur nýttu þjónustuna þrisvar sinnum oft en karlar.


Þátttakendur sem nýttu þjónustu sérfræðiráðgjafa í Stykkishólmi fóru að meðaltali í 5,9 skipti, þeir sem nýttu þjónustuna á Akranesi fóru í 3,8 skipti en þeir sem fóru til sérfræðiráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu fóru í 5,7 skipti.



## Akraneskaupstaður

Þann 1. janúar 2017 voru íbúar í Akraneskaupstað á aldrinum 18-80 ára 4.944 þar af voru 2.400 konur og 2.544 karlar. Alls tóku 397 manns á búsetusvæðinu þátt í könnuninni eða um 8% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 19. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í AKRANESKAUPSTAÐ.

Þátttakendur sóttu rúmlega 67% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Akranesi og rúm 27% þjónustunnar var sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 19).

### Þjónustueinkunn



MYND 20. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í AKRANESKAUPSTAÐ.

Meirihluti gaf þjónustunni ágætiseinkunn eða 58% og 37% gáfu þjónustunni sæmilega einkunn (mynd 20).

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 92% fóru í lágvöruverðsverslun
- 68% fóru í dagvöruverslun
- 72% fóru í apótek
- 59% fóru í bakarí
- 54% fóru í vínbúð
- 26% fóru á almenningsbókasafn
- 21% fór í líkamsrækt
- 31% fór í sund
- 61% fór á skyndibitastað
- 88% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á Akranesi fóru að meðaltali í:

- 9,9 skipti í lágvöruverðsverslun
- 5,2 skipti í dagvöruverslun
- 2 skipti í apótek
- 2,9 skipti í bakarí
- 2,2 skipti í vínbúð
- 2 skipti á almenningsbókasafn

- 11,3 skipti í líkamsrækt
- 6,9 skipti í sund
- 3 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,6 skipti.



MYND 21. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Þátttakendur sóttu nær alfarið þjónustuna sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Akranesi, um 20% fóru á skyndibitastað og um 13% í dagvöruverslun á höfuðborgarsvæðinu (mynd 21).

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 7% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 67% fóru á pósthús
- 42% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana á Akranesi nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 4,2 skipti
- pósthús í 8 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,6 skipti.



**MYND 22. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Flestir þátttakendur nýttu síðast pósthús og skrifstofu sýslumanns/Tryggingastofnunar á Akranesi. Meirihluti sótti síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 22).

## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 9% notuðu lögfræðiþjónustu
- 17% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 23% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 57% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 80% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja á Akranes nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 2,6 skipti
- fasteignasölu í 1,9 skipti
- tryggingafélag í 2,1 skipti
- bankaþjónustu í 9,7 skipti.



**MYND 23. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Meirihluti þátttakenda sótti síðast fjármálaþjónustu til þjónustuaðila á Akranes, fyrir utan lögfræðiþjónustu sem afgerandi flestir sóttu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 23).

## Sérvörverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:


- 62% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 36% fóru í símaverslun
- 29% fóru í húsgagnaverslun
- 43% fóru í raftækjaverslun
- 68% fóru í byggingavörverslun
- 38% fóru í skóverslun
- 69% fóru í fataverslun
- 60% fóru í bókaverslun.

## Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustu sérvörverslana? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á Akranesi fóru að meðaltali í:

- 4,1 skipti í gjafavörverslun
- 2,1 skipti í símaverslun
- 1,5 skipti í húsgagnaverslun
- 3,5 skipti í raftækjaverslun
- 12,9 skipti í byggingavörverslun
- 2,4 skipti í skóverslun
- 4,9 skipti í fataverslun

- 5,7 skipti í bókaverslun.



MYND 24. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakendur nýttu síðast þjónustu bókaverslunar, gjafavörverslunar/blómabúðar, byggingavörverslunar og fataverslunar á Akranesi. Fjórðungur verslaði síðast skófatnað erlendis og fimmtungur fatnað (mynd 24).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 14% fóru á listsýningu
- 50% fóru á tónleika
- 40% fóru í leikhús
- 78% fóru á veitingahús
- 58% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á Akranesi fóru að meðaltali í:

- 2,5 skipti á listsýningu
- 3,3 skipti á tónleika
- 1,2 skipti í leikhús
- 8,6 skipti á veitingahús
- 3,7 skipti í kvikmyndahús.



**MYND 25. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.**


Flestir fóru síðast á listsýningu, veitingahús og kvikmyndahús á Akranesi, en tónleika og leikhús sóttu flestir síðast til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 25).



## Hvalfjarðarsveit

Þann 1. janúar 2017 voru 458 íbúar á aldrinum 18-80 ára í Hvalfjarðarsveit, 218 konur og 240 karlar. Alls tóku 129 manns þátt í könnuninni eða 28% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 26. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í HVALFJARÐARSVEIT.

Þátttakendur búsettir í Hvalfjarðarsveit sóttu um 53% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Akranesi og um 31% þjónustunnar var sótt til höfuðborgarsvæðisins og um 9% til Borgarness (mynd 26).

### Þjónustueinkunn




MYND 27. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í HVALFJARÐARSVEIT.

Meirihluti eða 40% gaf þjónustunni ágætiseinkunn og 34% gáfu þjónustunni sæmilega einkunn en fjórðungur þátttakenda gaf þjónustunni lága einkunn (mynd 27).

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:

- 93% fóru í lágvöruverðsverslun
- 52% fóru í dagvöruslun
- 72% fóru í apótek
- 50% fóru í bakarí
- 50% fóru í vínbúð
- 20% fóru á almenningubókasafn
- 20% fóru í líkamsrækt
- 35% fóru í sund
- 62% fóru á skyndibitastað
- 95% tóku eldsneyti.



MYND 28. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.


Í meginatriðum sóttu svarendur búsettir í Hvalfjarðarsveit algenga þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Akranesi (mynd 28).

En um 28% þátttakenda fóru síðast í bakarí og 25% fóru í sund í Borgarnesi og 27% fóru síðast á skyndibitastað og 17% í vínbúð á höfuðborgarsvæðinu.

## Opinber þjónusta

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 17% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 74% fóru á pósthús
- 40% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.




MYND 29. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir þátttakendur nýttu síðast pósthjónustu og þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar á Akranesi. Meirihluti sótti síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 29).

## Fjármálaþjónusta

Hlutfall svarenda sem notuð þjónustuna sem spurt var um:

- 17% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 23% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 57% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 80% notuðu bankaþjónustu.




MYND 30. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti sótti síðast þjónustu fasteignasölu, tryggingafélags og bankaþjónustu til þjónustuaðila á Akranesi. En um 30% þátttakenda sóttu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu og 30% þjónustu fasteignasölu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 30).

## Sérvörverslun

Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 66% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 41% fór í símaverslun
- 26% fóru í húsgagnaverslun
- 52% fóru í raftækjaverslun
- 80% fóru í byggingavörverslun
- 45% fóru í skóverslun
- 69% fóru í fataverslun
- 60% fóru í bókaverslun.




**MYND 31. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.**

Flestir sóttu þjónustu gjafavörverslunar, byggingavörverslunar, fataverslunar og bókaverslunar til þjónustuaðila á Akranesi. Meirihluti fór síðast í húsgagnaverslun, raftækjaverslun og skóverslun á höfuðborgarsvæðinu. Fimmtungur fór síðast í fataverslun og skóverslun erlendis (mynd 31).

## Menning og afþreying

Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og notuðu afþreyingu:

- 12% fóru á listsýningu
- 45% fóru á tónleika
- 47% fóru í leikhús
- 79% fóru á veitingahús
- 50% fóru í kvikmyndahús.




**MYND 32. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Flestir sóttu síðast menningarviðburði og afþreyingu til höfuðborgarsvæðisins en um 40% þátttakenda fóru síðast í kvikmyndahús og 34% á veitingahús á Akranesi (mynd 32).

## Borgarfjarðarsvæði

Þann 1. janúar 2017 voru 2.725 íbúar í Borgarbyggð og Skorradalshreppi á aldrinum 18-80 ára, þar af voru konur 1.328 og karlar 1.397. Alls tóku 390 manns þátt í könnuninni eða 14,3% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 33. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á BORGARFJARÐARSVÆÐINU.

Þátttakendur búsettir á Borgarfjarðarsvæðinu sóttu rúmlega 56% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Borgarnesi, rúm 29% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og um 4% til Akraness (mynd 33).

### Þjónustueinkunn



MYND 34. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á BORGARFJARÐARSVÆÐINU.

Um 33% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en flestir gáfu þjónustunni sæmilega einkunn eða 50% (mynd 34).

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 94% fóru í lágvöruverðsverslun
- 32% fóru í dagvöruverslun
- 72% fóru í apótek
- 50% fóru í bakarí
- 62% fóru í vínbúð
- 13% fóru á almenningsbókasafn
- 22% fóru í líkamsrækt
- 41% fór í sund
- 53% fóru á skyndibitastað
- 91% tók eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Borgarnesi fóru að meðaltali í:

- 7,4 skipti í lágvöruverðsverslun
- 3,5 skipti í aðra dagvöruverslun
- 2,6 skipti í bakarí
- 2,3 skipti í vínbúð
- 1,8 skipti á almenningsbókasafn
- 9,4 skipti í líkamsrækt

- 6,3 skipti í sund
- 2,7 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 4,5 skipti.



MYND 35. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA

Þátttakendur á búsetusvæðinu sóttu nær alfarið þjónustuna sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana í Borgarnesi. Um 31% þátttakenda nýttu síðast dagvöruverslun og 22% fóru síðast á skyndibitastað á höfuðborgarsvæðinu (mynd 35).

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 13% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 77% fóru á pósthús
- 40% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana í Borgarnesi nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 3,1 skipti
- pósthjónustu í 9,7 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,7 skipti.



MYND 36. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA

Afgerandi flestir þátttakendur sóttu síðast pósthjónustu, þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar og sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila í Borgarnesi. Um 38% þátttakenda sóttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 36).



## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 10% notuðu lögfræðiþjónustu
- 32% notuðu þjónustu bókhalds-og endurskoðunarstofu
- 15% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 57% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 80% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja í Borgarnesi nýttu að meðaltali:

- bókhalds-og endurskoðunarstofu í 2,9 skipti
- fasteignasölu í 1,5 skipti
- tryggingafélag í 2,5 skipti
- bankaþjónustu í 9,5 skipti.



MYND 37. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti í meginatriðum fjármálaþjónustu til þjónustuaðila í Borgarnesi, en 53% þátttakenda sóttu lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 37).

## Sérvöruverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 55% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 38% fóru í símaverslun
- 26% fóru í húsgagnaverslun
- 45% fóru í raftækjaverslun
- 77% fóru í byggingavöruverslun
- 46% fóru í skóverslun
- 70% fóru í fataverslun
- 35% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja í Borgarnesi fóru að meðaltali í:

- 3,7 skipti í gjafavöruverslun
- 3,8 skipti í símaverslun
- 4,7 skipti í raftækjaverslun
- 13,1 skipti í byggingavöruverslun
- 2 skipti í skóverslun
- 4,6 skipti í fataverslun
- 3,2 skipti í bókaverslun



MYND 38. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti þátttakenda sótti síðast þjónustu gjafavöruverslunar og byggingavöruverslunar til þjónustuaðila í Borgarnesi. Önnur þjónusta sérvöruverslana var í meginatriðum sótt til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Um 19% þátttakenda fóru síðast í skóverslun og 16% í fataverslun erlendis (mynd 38).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu:

- 13% fóru á listsýningu
- 40% fóru á tónleika
- 40% fóru í leikhús
- 69% fóru á veitingahús
- 40% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu í Borgarnesi fóru að meðaltali í:

- 2,4 skipti á listsýningu
- 7,8 skipti á veitingahús
- 2,5 skipti í leikhús
- 3,7 skipti á tónleika.




**MYND 39. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.**

Um 42% þátttakenda fóru síðast á veitingahús og 31% á listsýningu í Borgarnesi. Meirihluti þátttakenda sótti menningarviðburði og afþreyingu til höfuðborgarsvæðisins. Um 11% fóru á veitingahús og 4% á tónleika erlendis (mynd 39).

## Dalabyggð

Þann 1. janúar 2017 voru 480 íbúar á aldrinum 18-80 ára í Dalabyggð, þar af voru konur 236 og karlar 244. Alls tóku 129 manns þátt í könnuninni eða 27% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 40. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Í DALABYGGÐ.

Þátttakendur búsettir í Dalabyggð sóttu um 36% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Búðardal, 39% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu, um 12% til Borgarness og rúm 5% til Akraness (mynd 40).

### Þjónustueinkunn



MYND 41. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Í DALABYGGÐ.

Um 36% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn en hlutfallslega flestir gáfu þjónustunni sæmilega einkunn eða 42% (mynd 41).

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 90% fóru í lágvöruverðsverslun
- 79% fóru í dagvörverslun
- 67% fóru í apótek
- 36% fóru í bakarí
- 57% fóru í vínbúð
- 9% fóru á almenningsbókasafn
- 9% fóru í líkamsrækt
- 24% fóru í sund
- 62% fóru á skyndibitastað
- 93% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana í Búðardal fóru að meðaltali í:

- 7,8 skipti í dagvörverslun
- 1,7 skipti í apótek
- 2 skipti í vínbúð
- 1,8 skipti á almenningsbókasafn
- 14,5 skipti í líkamsrækt
- 2,6 skipti í sund

- 2,4 skipti á skyndibitastað
- tóku eldsneyti í 3,6 skipti.



MYND 42. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Flestir nýttu síðast þjónustu dagvörverslunar, fóru í líkamsrækt, í sund, á almenningsbókasafn og í vínbúð í Búðardal (mynd 42). Vegalengdin frá Búðardal til Borgarness er 82 km og þangað sóttu 68% þátttakenda sem nýttu þjónustu lágvöruverðsverslana og 71% fóru síðast í bakarí í Borgarnesi.

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 14% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 81% fór á pósthús
- 38% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana í Búðardal nýttu að meðaltali:

- pósthjónustu í 10,5 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 3,7 skipti.



**MYND 43. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA**

Flestir nýttu síðast pósthjónustu og þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í Búðardal. Um 56% þátttakenda sóttu síðast þjónustu sí- og endurmenntunarstöðvar til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 43).

## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 10% notuðu lögfræðiþjónustu
- 33% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 10% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 50% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 86% notuðu bankþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til fyrirtækja í Búðardal nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 3,2 skipti
- bankþjónustu í 9,4 skipti.



**MYND 44. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Meirihluti sótti síðast lögfræðiþjónustu, þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu og fasteignasölu til höfuðborgarsvæðisins. Flestir nýttu síðast þjónustu tryggingafélags á Akranesi en flestir sóttu bankþjónustu til þjónustuaðila í Búðardal. Um 12% þátttakenda sóttu þjónustu tryggingafélags á netið (mynd 44).

## Sérvöruverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 58% fóru í gjafavöruverslun/blómabúð
- 38% fóru í símaverslun
- 24% fóru í húsgagnaverslun
- 50% fóru í raftækjaverslun
- 83% fóru í byggingavöruverslun
- 45% fóru í skóverslun
- 69% fóru í fataverslun
- 33% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja í Búðardal fóru að meðaltali í:

- 2,7 skipti í gjafavöruverslun/blómabúð.



MYND 45. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM FÓRU Í SÉRVÖRUVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti sótti þjónustu sérvöruverslana til höfuðborgarsvæðisins fyrir utan þjónustu byggingavöruverslunar sem flestir sóttu til þjónustuaðila í Borgarnesi. Um 40% þátttakenda fóru síðast í gjafavöruverslun í Búðardal, þá fóru 15% þátttakenda síðast í fataverslun og 15% í skóverslun erlendis (mynd 45).



## Menning og afþreying


### Hlutfall svarenda sem fóru á menningarviðburði og nýttu afþreyingu:

- 7% fóru á listsýningu
- 35% fóru á tónleika
- 40% fóru í leikhús
- 67% fóru á veitingahús
- 38% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu í Búðardal fóru að meðaltali í:

- 2,3 skipti á listsýningu
- 3,2 skipti á tónleika
- 8,1 skipti á veitingahús.




**MYND 46. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÞPREYINGU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTAÐILA.**

Meirihluti sótti menningarviðburði og afþreyingu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. En 37% þátttakenda fóru síðast á tónleika, 35% á listsýningu og 24% á veitingahús í Búðardal (mynd 46).

## Snæfellsnes

1. janúar 2017 voru 2.848 íbúar í Eyja-og Miklaholtshreppi, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Snæfellsbæ og Stykkishólmsbæ á aldrinum 18-80 ára, þar af voru konur 1.394 og karlar 1.454. Alls tóku 340 manns þátt í könnuninni eða um 12% íbúa á aldrinum 18-80 ára.


### Þjónustusókn



MYND 47. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA Á SNÆFELLSNESI.

Þátttakendur búsettir á Snæfellsnesi sóttu 26% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana í Stykkishólmi, rúm 17% til þjónustuaðila í Ólafsvík, 12% til Grundarfjarðar og 31% til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 47).

### Þjónustueinkunn



MYND 48. ÞJÓNUSTUEINKUNN SVARENDA Á SNÆFELLSNESI.

Um 42% svarenda gáfu þjónustunni ágætiseinkunn og 43% sæmilega einkunn (mynd 48).

## Algeng þjónusta

### Hlutfall svarenda sem notuðu algenga þjónustu:


- 82% fóru í lágvöruverðsverslun
- 78% fóru í dagvöruverslun
- 77% fóru í apótek
- 58% fóru í bakarí
- 50% fóru í vínbúð
- 16% fóru á almenningubókasafn
- 22% fóru í líkamsrækt
- 50% fóru í sund
- 60% fóru á skyndibitastað
- 89% tóku eldsneyti.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 30 daga notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja og stofnana á Snæfellsnesi fóru að meðaltali í :

- 15,7 skipti í dagvöruverslun á Hellissandi
- 14,6 skipti í dagvöruverslun í Grundarfirði
- 10,5 skipti í dagvöruverslun í Ólafsvík
- 4,7 skipti í dagvöruverslun í Stykkishólmi
- 1,9 skipti í apótek í Ólafsvík
- 2,4 skipti í apótek í Stykkishólmi

- 2 skipti í apótek í Grundarfirði
- 4,9 skipti í bakarí í Stykkishólmi
- 2,7 skipti í bakarí í Ólafsvík
- 2 skipti í vínbúð í Ólafsvík
- 2,7 skipti vínbúð í Stykkishólmi
- 2,6 skipti í vínbúð í Grundarfirði
- 2,5 skipti á almenningubókasafn í Stykkishólmi
- 1,7 skipti á almenningubókasafn í Grundarfirði
- 1,3 skipti á almenningubókasafn í Ólafsvík
- 12 skipti í líkamsrækt í Ólafsvík
- 11,6 skipti í líkamsrækt í Stykkishólmi
- 12,3 skipti í líkamsrækt í Grundarfirði
- 5,9 skipti í sund í Stykkishólmi
- 4,7 skipti í sund í Ólafsvík
- 7,4 skipti í sund í Grundarfirði
- 3,9 skipti á skyndibitastað í Stykkishólmi
- 4,8 skipti á skyndibitastað í Ólafsvík
- 2,8 skipti á skyndibitastað í Grundarfirði
- tóku eldsneyti í 5,9 skipti í Stykkishólmi
- tóku eldsneyti í 5,1 skipti á Hellissandi
- tóku eldsneyti í 3,8 skipti í Ólafsvík
- tóku eldsneyti í 3,2 skipti í Grundarfirði.



MYND 49. ÞJÓNUSTUSÓKN SVARENDA SEM NOTUÐU ALGENGA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Um 64% þátttakenda fóru í lágvöruverðsverslun í Stykkishólmi, 17% sóttu þjónustuna til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu og 15% til Borgarness (mynd 49).

Flestir fóru dagvörverslun í sínu nærumhverfi. Um 35% þátttakenda notuðu þjónustuna í Ólafsvík, 29% í Grundarfirði, 10% á Hellissandi um 7% þátttakenda notuðu þjónustu dagvörverslunar í Stykkishólmi. Meirihluti fór síðast í bakarí í Stykkishólmi eða 51% en 31% þátttakenda fóru í bakarí í Ólafsvík.

## Opinber þjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 13% notuðu þjónustu hjá sí- og endurmenntunarstöð
- 77% fóru á pósthús
- 42% notuðu þjónustu hjá sýslumanni/Tryggingastofnun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustuna til stofnana á búsetusvæðinu nýttu að meðaltali:

- sí- og endurmenntunarstöð í 1,4 skipti í Stykkishólmi
- pósthjónustu í Grundarfirði í 13,2 skipti,
- pósthjónustu í Ólafsvík í 9,9 skipti
- pósthjónustu í Stykkishólmi í 9,8 skipti
- þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í 2,5 skipti í Stykkishólmi
- þjónustu sýslumanns í Ólafsvík í 2,2 skipti.



**MYND 50. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM NOTUÐU OPINBERA ÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUADILA.**

Hlutfallslega flestir íbúar á búsetusvæðinu notuðu þjónustu sýslumanns/Tryggingastofnunar í Stykkishólmi eða 74%. Um 37% notuðu pósthjónustu í Ólafsvík og 36% í Stykkishólmi og 24% í Grundarfirði. Flestir þátttakendur eða 53% sóttu þjónustu til sí- og endurmenntunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu (mynd 50).

## Fjármálaþjónusta


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 7% notuðu lögfræðiþjónustu
- 33% notuðu þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu
- 18% notuðu þjónustu fasteignasölu
- 44% notuðu þjónustu tryggingafélags
- 80% notuðu bankaþjónustu.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þeir sem sóttu þjónustu til fyrirtækja á búsetusvæðinu nýttu að meðaltali:

- bókhalds- og endurskoðunarstofu í 4,1 skipti í Grundarfirði, 3,9 skipti í Stykkishólmi, 3 skipti í Ólafsvík
- fasteignasölu í 1,4 skipti í Stykkishólmi, 1 skipti í Ólafsvík
- tryggingafélag í 2,6 skipti í Grundarfirði, 2 skipti í Stykkishólmi, 2 skipti í Ólafsvík
- bankaþjónustu í 15,9 skipti í Ólafsvík, 11,3 skipti í Grundarfirði, 9,8 skipti í Stykkishólmi.



**MYND 51. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDNA SEM NOTUÐU FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.**

Þátttakendur á Snæfellsnesi notuðu bankaþjónustu og þjónustu tryggingafélags í sínu nærumhverfi en meirihluti sótti síðast þjónustu fasteignasölu til þjónustuaðila í Stykkishólmi. Meirihluti sótti þjónustu bókhalds- og endurskoðunarstofu til þjónustuaðila í Grundarfirði. Flestir sóttu lögfræðiþjónustu til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu (mynd 51).

## Sérvörverslun


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustu sérvörverslana sem spurt var um:

- 55% fóru í gjafavörverslun/blómabúð
- 34% fóru í símaverslun
- 32% fóru húsagnaverslun
- 50% fóru í raftækjaverslun
- 72% fóru í byggingavörverslun
- 48% fóru í skóverslun
- 70% fóru í fataverslun
- 46% fóru í bókaverslun.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem nýttu þjónustu fyrirtækja á búsetusvæðinu fóru að meðaltali í:

- 6,5 skipti í gjafavörverslun á Hellissandi, 4,5 skipti í Stykkishólmi, 4,5 skipti í Ólafsvík
- 2,8 skipti í raftækjaverslun í Stykkishólmi
- 13 skipti í byggingavörverslun í Stykkishólmi
- 2,5 skipti í skóverslun á Hellissandi, 2,5 skipti í Stykkishólmi
- 7,5 skipti í fataverslun á Hellissandi, 7 skipti í Stykkishólmi
- 7,4 skipti í bókaverslun í Stykkishólmi, 4,6 skipti í Ólafsvík.



MYND 52. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Í SÉRVÖRVERSLANIR EFTIR STAÐSETNINGU ÞJÓNUSTUAÐILA.

Meirihluti sótti þjónustu sérvörverslana sem spurt var um til þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan þjónustu gjafavörverslunar og bókaverslunar sem flestir sóttu til þjónustuaðila á búsetusvæðinu (mynd 52).

## Menning og afþreying


Hlutfall svarenda sem notuðu þjónustuna sem spurt var um:

- 13% fóru á listsýningu
- 44% fóru á tónleika
- 32% fóru í leikhús
- 77% fóru á veitingahús
- 38% fóru í kvikmyndahús.

### Tíðni notkunar

Spurt var: Hversu oft síðastliðna 12 mánuði notaðir þú þjónustuna? Þátttakendur sem fóru á menningarviðburði og/eða nýttu afþreyingu á búsetusvæðinu fóru að meðaltali í:

- 4,9 skipti á listsýningu í Grundarfirði, 3,7 skipti í Stykkishólmi, 2,3 skipti á Hellissandi, 1,4 skipti í Ólafsvík
- 4,8 skipti á tónleika í Stykkishólmi, 3,8 skipti í Grundarfirði, 2,7 skipti á Rifi
- 2,4 skipti í leikhús á Rifi.



**MYND 53. HLUTFALLSLEG SKIPTING SVARENDA SEM FÓRU Á MENNINGARVIÐBURÐI OG NOTUÐU AÐFREYINGU.**

Afgerandi meirihluti sótti síðast listsýningu og fór á veitingahús á Snæfellsnesi (mynd 53).

Af þeim sem fóru á veitingahús á búsetusvæðinu fóru 23% síðast á veitingahús í Ólafsvík, 19% í Stykkishólmi og 17% í Grundarfirði. Af þeim sem fóru á tónleika á búsetusvæðinu fóru 25% síðast á tónleika á Rifi og 17% í Stykkishólmi.



